

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjarins, Gilsbakkavegur 15.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 15. desember 2020 deiliskipulagsbreytingu fyrir Gilsbakkaveg 15.

Breytingin felur í sér að heimilt verður að byggja við núverandi hús á suðurhlið og hækka nýtingarhlutfall í 2,1, byggingarreitur og lóð stækka til suðurs og austurs. Hluti Gilsbakkavegar og bílastæði hliðrast til suðurs en bílastæðum fækkar ekki.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 6. apríl 2021,

Margrét M. Róbertsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2021